

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Fundi og ráðstefnur heim
Markmið	Að markaðssetja Akureyri sem funda-, hvata- og ráðstefnubæ. Markhópurinn er fjársterkur, nýtir innviði vel eins og t.d. fundaaðstöðu, gistingu, veitingastaði, og afþreyingu. Margfeldisáhrifin ná vel út fyrir Akureyri. Sóknarfærin felast í sterkri innlendri markaðssetningu á árinu þar sem gera má ráð fyrir að íslensk félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki horfi nær eingöngu til ferða innanlands þangað til að talist getur öruggt að ferðast til útlanda. Efnið sem til verður mun einnig nýttast fyrir erlenda markaðssetningu að hluta en líklegt er að erlendir aðilar horfi til Íslands sem örruggs áfangastaðar miðað við hvernig til hefur tekist hér á landi í baráttunni við veiruna í samanburði við mörg önnur lönd. Það er því mikilvægt að vera tilbúin með efni fyrir þann markhóp líka.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Verkefnið felst fyrst og fremst í eftirtöldum þáttum: a) Undirbúningi og framkvæmd á verkfærakistu fyrir félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki. Verkfærakistan inniheldur kynningarmyndband, bækling, myndabanka og powerpointkynningu þar sem nytsamlegar upplýsingar og kostir Akureyrar sem aðlaðandi vettvangs fyrri fundi, ráðstefnur og hvataferðir eru tíundaðir, bæði á íslensku og ensku. b) Gera kynningaráætlun fyrir ráðstefnubæinn Akureyri og hefja kynningarstarfið svo hægt sé að ná sem fyrst til líklegra viðskiptavina og stuðla þannig að sýnilegum árangri sem fyrst fyrir ferðapjónustuaðilana í bænum. c) Skapa atvinnu fyrir verkefnisstjóra, ljósmyndara og tókuaðila auk hönnuða við verkefnið sem nýtist stórum hópi hagsmunaaðila.
Framkvæmdaaðili	Hrafnhildur E. Karlsdóttir, hefur áratugareynslu í ferðapjónustu. Starfaði á hótelum samtals í yfir 20 ár, síðast sem hóteltjóri á Hótel Kea. Móttaka og skipulagning á allskyns fundum, ráðstefnum og hvataferðum var stór partur af starfinu. Tók þátt í uppsetningu og stefnumótun ráðstefnudeildar á Ferðaskrifstofu Akureyrar og skipulagði og tók á móti stórum erlendum ráðstefnum og einnig innlendum hópum. Sat í stýrihópi um ráðstefnubæinn Akureyri 2009-2010 og var fulltrúi hópsins á stórrí ferðakaupstefnu í Frankfurt 2010.
Samstarfsaðilar	a) Stýrihópur ráðstefnuklasans: Menningarhúsið Hof / Menningarfélag Akureyrar, Akureyrarstofa og Ferðaskrifstofa Akureyrar. b) Beinir hagsmunaaðilar sem eru ráðgefandi varðandi verkefnið: Veitingastaðurinn Greifinn, Hótel Kea, Háskólinn á Akureyri og Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA), Icelandair hótél Akureyri. c) Aðrir hagsmunaaðilar í ferðapjónustu: gististaðir, veitingastaðir, afþreyingaraðilar og farþegaflutningafyrirtæki.
Tengsl við sóknaráætlun	Verkefnið tengist fyrst og fremst eftirfarandi áherslum sóknaráætlunar: a) „Fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum á svæðinu með fjölbreytni að leiðarljósi.“ Ráðstefnur, fundir og hvataferðir snerta mjög fjölbreytta þætti ferðapjónustu og verður því hvati til og tækifæri fyrir mjög fjölbreytta starfsemi fyrirtækja. b) „Móta sameiginlega sýn fyrir svæðið í atvinnu- og nýsköpunarmálum,“ þ.e. hvernig við kynnum svæðið. c) Styrkir stöðu bæjarins varðandi „að Akureyri verði skilgreind

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

	<p>opinberlega sem borgarsvæði.“ d) „Fjölga einstaklingum sem sinna störfum án staðsetningar í landshlutanum.“ Þar sem fundir, ráðstefnur og hvataferðir eru oft skipulagðar með löngum fyrirvara getur fólk búið og starfað hvar sem er en framreitt þjónustuna á þeim stað sem hentar kaupandanum – á við um ýmiskonar afþreyingu, samgöngur, menningu og veislur og jafnvel gistingu t.d. í tjöldum.</p>
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	Góð atvinna og hagvöxur, nýsköpun og uppbygging, jafnrétti kynjanna, aukinn jöfnuður, samvinna um markmið.
Árangursmælikvarðar	<p>a) Að bjóða upp á samræmt og tilbúið efni fyrir notendur og sendiherra (aðilar af svæðinu) sem kynna fyrir öðrum, innanlands og utan, sinn heimabæ/svæði sem tilvalinn kost til að halda fundi og ráðstefnur eða vera með hópefli: Verkfærakista sem hýst er hjá Akureyrarbæ og á heimasíðunni www.visitakureyri.is.</p> <p>b) Kynningaráætlun (fjöldi birtinga og dreifing á kynningarefni, samtöl/kynningar til fulltrúa fyrirtækja, sendiherra og ráðstefnuskrifstofa).</p> <p>c) Fréttatilkynningar, fréttir og fjölmiðlaumfjöllun um verkefnið.</p> <p>d) Fjöldi fyrirspurna þar sem óskað er eftir efni.</p>

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

<p>Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Gott kynningarefni sem sýnir Akureyri sem aðlaðandi kost fyrir fundi, ráðstefnur og hvataferðir (bækling, kynningarmyndband, PDF kynning og myndir). • Kynningaráætlun þar sem m.a. er farið yfir hvernig efnið er notað og áætlunin sett í framkvæmd. • Yfirlit yfir félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki á heimasvæði og á landsvísu sem hagaðilar þurfa að ná til með kynningarefnið. Hópur sem stutt getur við nýsköpun og markaðsstarf og um leið bætt nýtingu innviða og þá sérstaklega utan háannar, með því að að gerast sendiherrar fyrir ráðstefnubæinn Akureyri og kynna fyrir sínum "hópi" / félagasamtökum / samstarfsaðilum / fagaðilum / fræðasamfélaginu/ stofnunum og fyrirtækjum innanlands sem utan - Akureyri sem tilvalinn vettvang fyrir funda- og ráðstefnuhald sem og hvataferðir. Hér er allt til alls: Fyrirmyndar fundaaðstaða, skemmtileg umgjörð, fjölbreyttir gistimöguleikar, mikil flóra veitingastaða, spennandi menningarviðburðir af ýmsu tagi og góðar samgöngur. <p>Verkefnið gefur af sér bæði efnahags- og samfélagslegan ávinning á tíma sem þörf er á innlendri markaðssetningu í kjölfar Covid-19. Hér er verið að sýna fram á kosti þess að halda fundi og ráðstefnur á Akureyri og nýta svæðið til hvataferða með það fyrir augum að nýta þá innviði sem eru til staðar, auka atvinnu og viðhalda fjölbreytni í samfélaginu hvað varðar atvinnumöguleika.</p> <p>Verkefnið skapar atvinnutækifæri fyrir verkefnastjóra, hönnuð(-i), ljósmyndara og kvikmyndatökufólk.</p> <p>Fyrir ráðstefnuhópinn (hagaðilana) er þetta kjörið tækifæri til að nýta kunnáttu og starfskrafta þeirra á tímum þar sem lítil sem engin eftirspurn er eftir þjónustu þeirra. Undirbúa kynningarefni þannig að hægt sé að fara á fullt í kynningarstarf um leið og tækifæri opnast sem hjálpar þessum geira að ná sér á strik á ný og byggja upp að nýju þá þjónustu sem var fyrir hendi áður en Covid-19 tímabilið lamaði alla ferðapjónustuna.</p>
<p>Upphaf og lok verkefnis</p>	<p>Júní 2020: Verkefni hefst Desember 2020: Verkefnaskil</p>
<p>Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)</p>	<p>Kr. 8.864.000 Sjá einnig fylgiskjal: Kostnaðaráætlun</p>
<p>Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)</p>	<p>3.000.000 kr.</p>
<p>Mótframlag (ef við á)</p>	<p>Vinnuframlag ráðstefnuhópsins, fundaraðstaða, skrifstofuaðstaða og fjárframlag Akureyrarbæjar. Samtals kr. 2.550.000 Sjá einnig fylgiskjal: Kostnaðaráætlun.</p>
<p>Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)</p>	<p>Ferðamálastefna Akureyrar 2016-2026 : Eitt af meginmarkmiðum hennar undir kafla 1.1 c er: Aukið samstarf ferðapjónustuaðila á Akureyri til að fjölga gistinóttum yfir lágönn. Í lið 5 í sama kafla er markmið um að efla stærri fundi á Akureyri og fjölga þeim með aðstoð ráðstefnuklasans.</p>
<p>Verkáætlun</p>	<p>Júní júlí: Söfnun fyrirleggjandi gagna og yfirferð tengiliða.</p>

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

	<p>Ágúst-sept: Myndataka og klipping, birtingar og kynningaráætlun. Okt- nóv: Bæklingagerð, textagerð og þýðing. Des: Afhending verkfærakistu og gagna til sendiherra. Ráðstefnuskrifstofur heimsóttar og verkefnið gert upp.</p>
--	---